

Rúnar Guðmundsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Uppsveita Árnessýslu

Kópavogi 12. September 2018

Vegna: Deiliskipulags við Hólaskógs

Fyrir hönd Rauðukamba ehf. leigutaka Hólaskógs 2018 vil ég koma á framfæri eftirfarandi umsögn vegna gerð nýs deiliskipulags við Hólaskógs sem auglýst var 1. ágúst síðastliðinn.

Sumarið 2018 fundum við fyrir mikilli eftirspurn ferðamanna eftir aukinni þjónustu og aðstöðu við Hólaskógs. Ferðamenn spurðu eftir veitingaþjónustu eða kaffihúsi og svo eru margir að óska eftir því að nýta hreinlætisaðstöðu í skálanum. Nokkuð langt er í næstu þjónustumiðstöðvar (Hrauneyjar og Árnes) og eina hreinlætisaðstaðan í Þjórsárdal er við Þjóðveldisbæinn.

Við viljum því leggja til að nýtt deiliskipulag opni á möguleika á að stækka núverandi skála svo hægt sé að mæta óskum ferðalanga um veitinga- og hreinlætisþjónustu. Mætti til dæmis leggja til litla textabreytingu í texta deiliskipulags (viðbót rauðlituð):

*Vegna aukinnar ferðamennsku er ekki ólíklegt að bæta þurfi við hreinlætis- og veitingaaðstöðu.*

Reynsla af rekstri Hólaskógs hefur einnig sýnt frammá eftirspurn eftir tjaldsvæði og hleðslustöð fyrir rafþíla. Vill undirritaður því óska eftir því að nýtt deiliskipulag opni fyrir möguleika á að setja upp þjónustuhús fyrir tjaldgesti sem og rafhleðslustöð fyrir rafþíla við Hólaskógs.

Það myndu auka til muna þá þjónustu við ferðamenn sem sækja Hólaskógs heim, ef hægt væri að opna á ofangreinda þætti í þeim deiliskipulagstillögum sem nú eru í vinnslu.

  
Með kærri kveðju  
Magnús Orri Schram

Framkvæmdastjóri

Rauðukamba ehf